

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Fjallabyggð, 2. nóvember 2018
Nr. erindis 1810075 / GIB

Efni: Athugasemdir Bæjarráðs Fjallabyggðar við fim ára samgönguáætlun


Ágæta samgöngunefnd

Bæjarráð Fjallabyggðar lýsir ánægju sinni með að framkvæmdir við Suðurhöfn á Siglufirði og sjóvarnir við Námuveg á Ólafsfirði eru í samgönguáætlun til næstu fimm ára.

Bæjarráð Fjallabyggðar vill þó benda á eftirfarandi atriði sem vantar inn í áætlunina að mati ráðsins:

1. Þjóðvegur í þéttbýli.
Breyting á legu Gránugötu og Túngötu vegna umferðaröryggis (krossgatnamót - svartblettur). Áætlaður kostnaður um 80 m.kr.
2. Siglufjarðarflugvöllur.
Síðastliðið sumar var Siglufjarðarflugvöllur opnaður aftur sem landingarstaður, eftir að lagt hafði verið slitlag á völinn að hluta. Ljúka þarf lögn slitlags á völinn og setja lýsingu líkt og er á flugvellinum á Selfossi. Þessar aðgerðir auka öryggi og notkunargildi vallarins einkum varðandi sjúkraflug. Benda má á að fjármunir til framkvæmda á Siglufjarðarflugvelli er á núverandi samgönguáætlun.
3. Strákagöng.
Engin jarðgöng eru á áætlun á næstu árum frá Siglufirði í Fljót. Strákagöng eru hættuleg og standast engan veginn núverandi kröfur til jarðganga. Það þarf að breikka göngin og taka af hættulega blindbeygju ásamt öðrum framkvæmdum.
4. Múlagöng.
Ný gögn frá Ólafsfirði til Dalvíkur eru hvergi sjáanleg á samgönguáætlun. Á meðan fjármagns er beðið í þá framkvæmd verður að fjölga útskotum í göngunum eða breikka þau alla leið. Göngin afkasta ekki mikilli umferð og eru hættuleg ferðamönnum sem þekkja ekki til aðstæðna.


Fjallabyggð



Bestu kveðjur að norðan

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarráðs Fjallabyggðar

Gunnar Ingi Birgisson
Bæjarstjóri



Fjallabyggð
Bæjarstjóri